

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um útgjöld og notkun á almennum og sérsníðuðum hugbúnaði hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hafa verið útgjöld ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna hugbúnaðarkaupa frá árinu 2009? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupa á sérsníðuðum kerfum annars vegar og til kaupa á almennum hugbúnaði hins vegar?*
2. *Hve háum fjárhæðum vörðu ráðuneytið og undirstofnanir þess til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar frá árinu 2009?*
3. *Hvaða sérsníðaða hugbúnað er ráðuneytið og hver undirstofnun þess að nota og:*
  - a. *hver er eigandi hugbúnaðarins,*
  - b. *eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út,*
  - c. *var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar,*
  - d. *hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins,*
  - e. *hver er tilgangur hugbúnaðarins?*

Auk aðalskrifstofu ráðuneytisins var leitað svara hjá eftirtöldum 14 stofnunum: Embætti landlæknis, Geislavörnum ríkisins, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Landspítala, Lyfjastofnun, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Sjúkratryggingum Íslands. Af þeim sáu tíu stofnanir sér fært að svara þrátt fyrir ítrekaða ósk um svör og má sjá svör þeirra hér á eftir. Svör bárust á ýmsu formi og hafa þau verið samræmd eftir því sem unnt er.

Til að svara 1. tölul. fyrirspurnarinnar fengu stofnanirnar tilmæli frá ráðuneytinu um að skoða sérstaklega eftirfarandi bókhaldstegundir: 54520 – hugbúnaðargerð, 54521 – hugbúnaðargerð án VSK, 55170 – hugbúnaður og 55540/55548 – uppsetning á net- og hugbúnaði. Í þeim tilvikum þar sem ekki er getið fyrrgreindra bókhaldstegunda eða eyður eru í töflum þá þýðir það að engin fjárhæð hefur verið bókuð þar undir.

#### Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa.

1. Í töflunni hér á eftir má sjá þær fjárhæðir sem aðalskrifstofa ráðuneytisins hefur varið til hugbúnaðarkaupa frá árinu 2009, skipt á bókhaldstegundir.

Ráðuneytið notar almennt ekki sérsníðaðan hugbúnað.

Ár		55540/55548			Samtals
		54520 Hugbúnaðargerð	55170 Hugbúnaður	Uppsetning á net- og hugbúnaði	
2009–2010	Heilbrigðisráðuneytið	378.451	4.497.410		4.875.861
2011–2018	Velferðarráðuneytið*	3.078.245	29.090.345	456.414	32.625.004*
2019	Heilbrigðisráðuneytið		1.372.326		1.372.626

\* Hér er um að ræða fjárhæðir frá velferðarráðuneytinu. Á þessum tíma var heilbrigðisráðuneytið hluti af því ásamt félagsmálaráðuneytinu. Því munu sömu tölur birtast í svari félags- og barnamálaráðherra.

2. Ekki er gerður greinarmunur í bókhaldinu á sundurliðun vegna leyfis- og þjónustugjalda fyrir hugbúnað.

3. Ráðuneytið notar ekki sérsmíðaðan hugbúnað og því eiga þessar spurningar ekki við.

### Embætti landlæknis.

1. Sjá töflu hér á eftir.

Ár	55540/55548				Samtals
	54520/54521 Hugbúnaðargerð	55170 Hugbúnaður	Uppsetning á net- og hugbúnaði		
2009 – maí 2019	1.294.700	107.800	42.300		1.444.800

2. Í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er ekki greint sérstaklega á milli leyfis- og þjónustugjalda fyrir hugbúnað.

3.

a. Embætti landlæknis á þann hugbúnað sem hefur verið sérsmíðaður fyrir embættið.

b. Ýmsum leiðum, t.d. APEX, Delphi, .Net, Power BI, SAP/BO, og SQL-gagnagrunnsforritun.

c. Hugbúnaðurinn var þróaður bæði af starfsmönnum innan stofnunarinnar og af verk-tökum.

d. Sjá töflu:

#### Spurning 3d

Verkefni (m.kr.)	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
1 Rafrænir lyfseðlar	11,1	4,6	4,0	13,1	2,4	22,8	9,6	4,1	71,7
2 Hugbúnaðargerð	15,1	14,3	10,0	3,6	6,5	0,0	1,1	1,4	51,9
4 Rannsóknastofukerfi	0,0	18,8	0,0	0,0	0,0	2,1	3,0	2,4	26,4
5 ADT vistunarskráning sjúkrahúsa	1,9	2,1	0,0	2,0	8,6	0,0	0,0	0,0	14,6
6 Öryggismál	4,0	0,5	3,9	0,0	0,9	0,0	0,6	1,0	11,0
7 Farsóttaskrár	1,2	1,6	0,5	0,0	0,3	6,3	0,3	0,0	10,3
8 Vistunarmat	5,1	3,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	8,4
9 Rekstur og viðhald heilbrigðisskráa	0,8	3,8	0,0	0,0	1,1	1,0	0,6	0,0	7,3
10 Tölfræði á vef	0,7	0,7	0,2	0,0	0,0	0,0	2,6	0,0	4,2
11 Gagnaflutningar (Tessy)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7	3,4	0,0	4,1
12 Rafræn samskipti	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0	1,0	1,5	0,0	2,7
13 Bólusetningar	0,0	0,1	0,0	0,2	0,9	1,0	0,1	0,0	2,3
14 Umsjón með skráum	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,0	0,0	2,0
15 Önnur verkefni	1,7	0,8	0,0	0,0	0,6	0,0	0,0	0,6	3,6
<b>Samtals</b>	<b>41,6</b>	<b>50,4</b>	<b>18,6</b>	<b>18,9</b>	<b>21,5</b>	<b>34,9</b>	<b>24,9</b>	<b>9,6</b>	<b>220,4</b>

e. Sjá töflu:

**Spurning 3e**

Verkefni	Lýsing
1 Rafrænir lyfseðlar	Lyfjaávisanir, lyfjaeftirlit og tölfraðivinnsla.
2 Hugbúnaðargerð	Starfsleyfakerfi, rekstraraðilakerfi, dánarvottorðakerfi, einstaklingsskrá og vöruhúsa kerfi.
4 Rannsóknastofukerfi	Rafræn móttaka gagna frá rannsóknarstofum v. Smitsjúkdóma
5 ADT vistunarskráning sjúkrahúsa	Gögn varðandi sjúkrahúsalegu frá stofnunum. Rafræn móttaka og úrvinnsla.
6 Öryggismál	Til að tryggja öryggi gagna í varðveislu og úrvinnslu hjá embættinu.
7 Farsóttaskrár	Rafræn móttaka, varsla og úrvinnsla gagna fyrir sóttvarnarsvið.
8 Vistunarmat	Kerfi vegna vistunar á öldrunarheimilum.
9 Rekstur og viðhald heilbrigðisskráa	Innanhúss umsýsla með heilbrigðisgögn í vörslu EL
10 Tölfræði á vef	Gagnvirk birting tölfraði á vef
11 Gagnaflutningar (Tessy)	Skil á gögnum sóttvamar sviðs til alþjóðagrunna (m.a. ECDC)
12 Rafræn samskipti	Ymsar vefþjónustur
13 Bólusetningar	Rafræn og úrvinnsla gagna fyrir sóttvamar svið.
14 Umsjón með skrám	Innanhúss umsýsla

**Geislavarnir ríkisins**

## 1. Sjá töflu hér á eftir.

Ár	54520 Hugbúnaðargerð	54521 Hugbúnaðargerð án VSK	55170/55172 Hugbúnaður	55548 Uppsetning á net- og hugbúnaði	Samtals
2009–2018	18.110.639	512.119	9.003.779	1.181.821	28.808.358

2. Sundurliðun leyfis- og þjónustugjalda er ekki aðgengileg í bókhaldskerfi ríkisins og því liggja upplýsingarnar ekki fyrir.

3. Stofnunin er með sérsníðaðan hugbúnað sem tengist eftirliti og mælingum. Sá hugbúnaður hefur verið smíðaður af starfsmönnum, m.a. sumarstarfsmönnum. Tölvuþjónusta sem sér um umsjón og viðhald tölvukerfis Geislavarna sér um viðhald á sérsníðuðum hugbúnaði í samvinnu við starfsmenn. Þessi hluti vinnu tölvuþjónustunnar er óverulegur og ekki bókfærður sérstaklega í bókhaldskerfi.

**Heilbrigðisstofnun Norðurlands.**

## 1. Sjá töflu hér á eftir.

Ár	54520 Hugbúnaðargerð	55170 Hugbúnaður	55540/55548 Uppsetning á net- og hugbúnaði	Samtals
2014*-júni 2019	13.861.278	121.079.964	2.881.115	137.822.357

\*Stofnunin varð til 2014.

2. Í bókhaldi er ekki sundurliðað vegna leyfis- og þjónustugjalda fyrir hugbúnað.

3. Stofnunin notar ekki sérsníðaðan hugbúnað og því eiga þessar spurningar ekki við.

**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.**

## 1. Sjá töflu hér á eftir. Eingöngu er um almennan hugbúnað að ræða.

Ár	Hugbúnaðarkaup	Leyfisgjöld	Þjónustugjöld	Samtals
2009–2018	469.194			469.194
2009–2018		47.358.149	30.710.306	78.068.455

2. Sjá töflu hér að framan varðandi leyfis- og þjónustugjöld.

3. Stofnunin notar ekki sérsníðaðan hugbúnað og því eiga þessar spurningar ekki við.

**Heilbrigðisstofnun Vesturlands.**

1. Sjá töflu hér á eftir. Eingöngu er um almennan hugbúnað að ræða.

Ár	54520	54521	55170	55540/55548	Leyfis- og þjónustugjöld	Samtals
	Hugbúnaðargerð	Hugbúnaðargerð án VSK	Hugbúnaður	Uppsetning á net- og hugbúnaði		
*2010–2018	101.043.433	120.703	43.379.501	7.687.016		152.230.653
*2010–2018					150.078.127	150.078.127

\*Stofnunin tók til starfa árið 2010.

2. Sjá töflu hér að framan varðandi leyfis- og þjónustugjöld.
3. Stofnunin notar ekki sérsmíðaðan hugbúnað og því eiga þessar spurningar ekki við.

**Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.**

1. Hér er einungis um að ræða almennan hugbúnað.

Ár	54520	54521	55170	55540/55548	Samtals
	Hugbúnaðargerð	Hugbúnaðargerð án VSK	Hugbúnaður	Uppsetning á net- og hugbúnaði	
2009–2018	2.185.045	95.166	1.016.788	683.053	3.980.052

2. Í bókhaldi er ekki sundurliðað vegna leyfis- og þjónustugjalda fyrir hugbúnað.
3. Stofnunin notar ekki sérsmíðaðan hugbúnað og því eiga þessar spurningar ekki við.

**Heyrnar- og talmeinstöð Íslands.**

1. Sjá töflu hér á eftir.

Ár	54520	55170	Samtals
	Hugbúnaðargerð	Hugbúnaður	
2011–2018	23.841.291	459.198	24.300.489

2. Ekki barst svar.
3. Ekki barst svar.

**Lyfjastofnun.**

1. Sjá töflu hér á eftir. Stofnunin notar almennt ekki sérsmíðaðan hugbúnað.

Ár	54520	54521	55170	55540/55548	Samtals
	Hugbúnaðargerð	Hugbúnaðargerð án VSK	Hugbúnaður	Uppsetning net- og hugbúnaðar	
2009–2018	143.274.868	9.557.818	71.707.811	211.712	224.752.209

2. Ekki er gerður greinarmunur í bókhaldinu á sundurliðun vegna leyfis- og þjónustugjalda fyrir hugbúnað.
3. Stofnunin notar ekki sérsmíðaðan hugbúnað og því eiga þessar spurningar ekki við.

**Sjúkrahúsið á Akureyri.**

## 1. Sjá töflu hér á eftir.

Ár	54520 Hugbúnaðargerð	54521 Hugbúnaðargerð án VSK	55170 Hugbúnaður	55540/ 55548 Uppsetning net- og hugbúnaðar	Samtals
2009–2018	537.396.216	52.453.645	170.072.908	861.198	760.783.967

2. Ekki barst svar.

3. Ekki barst svar.

**Sjúkratryggingar Íslands.**

## 1. Sjá töflu hér á eftir. Eingöngu er um sérsníðaðan hugbúnað að ræða.

Ár	Samtals, kr.
2009–2018 Hugbúnaður	1.261.071.569
2009–2018 Leyfis- og þjónustugjöld	75.168.377

2. Sjá töflu hér að framan. Ekki er unnt að sundurgreina leyfis- og þjónustugjöld.

3. „Sjúkratryggingar nota umfangsmikil réttindakerfi til móttöku á umsóknum og vinnslu á þeim, móttöku á reikningum og vinnslu á þeim, ákvörðunar réttinda, samskipta við veitendur heilbrigðisþjónustu, veitingar upplýsinga til einstaklinga, útreiknings á greiðsluþátttöku einstaklinga, eftirlits og margs fleira. Kerfin halda utan um greiðslur að upphæð um 100 milljarða á ársgrundvelli til mikils fjölda aðila í heilbrigðisþjónustu og til einstaklinga. Meðal kerfa eru kerfi til úrvinnslu og greiðslu vegna sérfræðilækna, þjálfunar, lyfja, hjálpartækja, tannlækninga, hjúkrunarheimila, heilsugæslu, erlends sjúkrakostnaðar o.fl. o.fl.“

og:

- hver er eigandi hugbúnaðarins, – Sjúkratryggingar Íslands
- eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út, – ekki er fjallað um tegund hugbúnaðarleyfis í samningum um hugbúnaðinn,
- var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar, – verktökum,
- hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins, – sjá svar við spurningu 1.
- hver er tilgangur hugbúnaðarins? – sjá svar við spurningu 3.